

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samskipti borgarstjóra og borgarritara við skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi Nauthólsveg 100

Á fundi borgarráðs þann 24. janúar sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

1. Óskað er svara við því hver voru samskipti borgarstjóra við Hrólfr Jónsson skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar vegna braggamálsins. 2. Hver voru samskipti borgarritara við Hrólfr Jónsson, skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar vegna braggamálsins? 3. Í skýrslu Innri-endurskoðunar segir eftirfarandi á bls. 56: „Eins og fram kom í kaflanum um skipulag skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er umboðskeðjan þannig að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar heyrir undir borgarritara og síðan er borgarstjóri hans yfirmaður. Þrátt fyrir þetta hefur borgarritari haft lítil afskipti af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem hefur í raun sótt sín mál framhjá honum og til borgarstjóra“. Í ljósi þess er spurt hvort Hrólfr Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hafi aldrei rætt við borgarstjóra um framkvæmdir við Nauthólsveg 100 á þeim fjölmörgu fundum sem ljóst er að hann hafi átt með borgarstjóra eftir að borgarstjóri undirritaði leigusamninginn við HR/Grunnstof í september 2015?

Svar:

1. Fyrir liggur ítarleg skýrsla innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100. Fjallað er um það sem fyrirspurnin lýtur að í sérstökum köflum um eftirlit á síðum 56-57 og upplýsingamiðlun á síðum 68-70.

2. Fyrir liggur ítarleg skýrsla innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100. Fjallað er um það sem fyrirspurnin lýtur að í sérstökum köflum um eftirlit á síðum 56-57 og upplýsingamiðlun á síðum 68-70.

3. Réttur vettvangur skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar til að taka upp mál sem varða fjárfestingaáætlun eða frávik frá henni eru vikulegir undirbúningsfundir borgarráðs þar sem bæði borgarstjóri og borgarritari eiga sæti, eða reglulegir fundir fjármálahóps borgarstjóra þar sem bæði borgarstjóri og borgarritari eiga einnig sæti. Í kjölfarið eru viðkomandi mál lögð fyrir borgarráð. Líkt og fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar var meðal annars fjallað um

Nauthólsveg 100 í fjárfestingaráætlunum áráanna 2016 og 2017; verkstöðuskýrslu sem lögð er fram með ársreikningum þessara ára. Þá var lögð fram beiðni skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um aukafjárveitingu vegna Nauthólsvegar 100 í viðauka við fjárfestingaáætlun í borgarráði í september 2017 upp á 50 milljónir króna. Hún var samþykkt. Ekki var hins vegar óskað eftir frekari fjárveitingum í fjárfestingaáætlun fyrir árið 2018 eða gert viðvart um frekari framúrkeyrslu vegna verkefnisins á undirbúningsfundum borgarráðs, í fjármálahópi eða á öðrum vettvangi, líkt og fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar. Að öðru leyti er vísað til svara við liðum 1 og 2 og skýrslu innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100

Dagur B. Eggertsson